

5. bekkur íslenska kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Edda Rún Aradóttir; Heiðdís Björk Gunnarsdóttir

5

Lýsing

Megintilgangur íslenskukennslu skiptist í nokkra þætti; talað mál hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Talað mál, hlustun og áhorf.

- Geti lesið skýrt með áheyrilegan framburð
- Hlusti á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið og sungið texta af ýmsum gerðum
- Vera fær um að koma fram fyrir hóp og standa fyrir máli sínu
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og sinni eigin reynslu
- Þjálfra framburð, þannig hann sé skýr og áheyrilegur
- Þjálfra endursögn og finna lykilatriði í texta
- Geti farið eftir samskiptareglum og verið kurteis
- Geti hlustað og tekið þátt í umræðum
- Geti nýtt sér ýmsa upplýsingatækni í námi á gagnrýnin hátt

Lestur og bókmenntir

- Geti lesið sér til gagns og gamans, hátt sem og í hljóði
- Hafi góðan lesskilning og geti unnið með textann
- Tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið ljóð, vísur og þulur
- Þekki einföld hugtök í bragfræði eins og rím, ljóðstafi og ljóðlínu?
- Geti túlkað texta og lagt mat á hann
- Geta valið bækur eftir áhugasviði sínu og lesið sér til ánægju
- Kynnist bókmenntalegum hugtökum eins og söguþráður, sögupersónur og boðskapur
- Að auka orðaforða
- Geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum

Ritun

- Geti skrifað skýrt og læsilega
- Geti dregið rétt til stafs

- Geti beitt grundvallarreglum í stafsetningu s.s. stór/lítill stafur, punktar, kommur, n - nn reglan, ng/nk reglan.
- Geti skrifað einfaldan texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu
- Geti samið og skrifað texta eins og sögu og ljóð
- Þjálfist í persónusköpum
- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag
- Þjálfist í uppsetningu og frágangi texta
- Þjálfist í að gera útdrátt úr texta??

Málfræði

- Geti leikið sér með tungumálið í riti og tali, s.s. rím og orðaleiki
- Geti nýtt sér málfræði og stafsetningu í töluðu máli og ritun
- Þekki helstu einkenni nafnorða s.s. sérnöfn og samnöfn.
- Þekki helstu einkenni sagnorða, s.s. nútíð/þátíð og nafnhátt.
- Þekki helstu einkenni lýsingarorða og geti stigbreytt þau
- Þekki hugtökin samheiti og andheiti
- Þekki hugtakið samsett orð
- Þekki samhljóða og sérhljóða
- Þekki persónufornöfn í et og ft og 1. 2. og 3. persónu
- Geti mótað setningar, málsgreinar og efnisgreinar í rituðum texta
- Geti raðað í stafrófsröð eftir fleiri stöfum en fyrsta staf
- Geti nýtt sér oðabækur og gagnabrunna

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Málrækt 1
- Orðspor 1, lesbók og verkefnabók
- Þemavinna: Ég er ég og Ísland
- Lestrarbækur/sögubækur.
- Ítarefni
- Ljóðabækur

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Verkefni tengd þemunum „Hver er ég“ og „Ísland“
- Innlagnir frá kennara eða kveikja í upphafi verkefnis og/eða námsþema.
- Útlistunarkennsla
- Þulunám og þjálfunaræfingar

- Umræðu- og spurnaraðferðir
- Lausnaleitarnám
- Hópvinnubrögð/samvinnunám
- Skapandi vinna
- Einstaklingsverkefni
- Gagnvirkur lestur
- Yndislestur
- Hringekja

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Símat á hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá og staða hæfni skráð inn á mentor.is.
- Virkni í tímum
- Hegðun, framkoma og samkipti
- Samvinna nemenda
- Lesfimispróf
- Orðarún Lesskilningspróf
- Mat á verkefnum
- Kannanir
- Sjálfsmat

GF íslenska 5. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar og heldur athygli áheyrenda.
- Tekur þátt í samræðum og rökræðum.
- Á góð samskipti, hlustar, gætir tungu sinnar og sýnir viðeigandi kurteisi.

GF íslenska 5. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Les sér til ánægju og fróðleiks og getur gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Getur notað og skilur hugtökin rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap til að fjalla um form og innihald ljóða.
- Getur lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta.
- Velur sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

GF íslenska 5. bekkur - Ritun

- Skrifar læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitir algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengur frá texta og notar orðabækur.
- Hefur náð valdi á og getur beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.
- Getur skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.
- Getur samið texta þar sem hann beitir eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

GF íslenska 5. bekkur - Málfræði

- Þekkir sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og getur greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Notar góðan orðaforða í máli og ritun. Getur gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtir sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Getur notað orðtök og málshætti og greint notagildi þeirra í texta.

- Gerir sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.
- Getur flett upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.